

Ár 2017, fimmtudaginn 30. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Borgunar hf.**

### **I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Með bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettu 24. júní 2016 var kjararáði tilkynnt um yfirtöku íslenska ríkisins á Íslandsbanka hf. Jafnframt kom fram í bréfinu að Bankasýsla ríkisins fari með eignarhlut ríkisins í bankanum. Í bréfi stjórnar Íslandsbanka hf. til kjararáðs dagsettu 15. júlí 2016 er kjararáð upplýst um dótturfélög bankans. Kemur fram að Borgun hf. sé eitt þeirra félaga. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun og starfskjör forstjóra Borgunar hf. heyrir undir kjararáð.

### **II.**

Með bréfi dagsettu 10. október 2016 var stjórn Borgunar hf. gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna væntanlegrar ákvörðunar kjararáðs um launakjör forstjóra Borgunar hf. Einnig var óskað eftir upplýsingum um starfsemi Borgunar hf. auk upplýsinga um starfskjör forstjórans. Með bréfi dagsettu 25. nóvember 2016 var fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Með bréfi dagsettu 2. desember 2016 var kjararáði tilkynnt að stjórn Borgunar hf. hefði ákveðið að leita úrskurðar fjármála- og efnahagsráðuneytis um hvort kjararáð ætti úrskurðarvald um laun forstjóra Borgunar hf., sbr. 4. málslíð 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð. Samkvæmt úrskurði fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettu 28. febrúar 2017 heyrir undir kjararáð að ákveða laun og starfskjör forstjóra Borgunar hf.

Með bréfi kjararáðs dagsettu 3. mars 2017 til stjórnar Borgunar hf. var ítrekuð ósk um upplýsingar og gefinn kostur á að leggja fram greinargerð. Jafnframt var forstjóra Borgunar hf. með bréfi dagsettu sama dag gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum við ráðið. Einnig var óskað eftir upplýsingum um starfsemi félagsins auk upplýsinga um starfskjör.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 20. desember 2016. Í bréfinu segir að eigendastefna ríkisins í fjármálafyrirtækjum hafi verið birt 2. september 2009, sbr. fréttatilkynningu ráðuneytisins nr. 60/2009. Henni sé ætlað að skýra fyrirætlanir ríkisins sem eiganda að fjármálafyrirtækjum. Í IV. kafla stefnunnar sé fjallað um kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja sem ríkið eigi hlut í. Í stefnunni komi fram að með þessu sé átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi. Þar sem Borgun hf. falli undir þá skilgreiningu telji fjármála- og efnahagsráðuneytið rétt að horfa til þeirra meginsjónarmiða sem þar koma fram um kröfur og viðmið í rekstri, þar á meðal um laun stjórnenda. Þá er í bréfinu vísað til ákvæða 8. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð og þeirra breytinga sem gerðar voru lögnum á árinu 2009. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana þegar ákvarða eigi laun og starfskjör forstjóra Borgunar hf.

Stjórn Borgunar hf. sendi kjararáði bréf dagsett 9. mars 2017. Með bréfinu fylgdi ráðningarsamningur forstjóra dagsettur 16. desember 2010 ásamt viðaukum við hann frá 23. nóvember 2015 og 19. janúar 2016. Einnig fylgdi bréfinu starfskjarastefna Borgunar hf. samþykkt í febrúar 2017. Í lýsingu á félaginu segir að Borgun hf. sé leiðandi fyrirtæki í þróun

og hagnýtingu lausna á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar. Félagið hafi starfsleyfi sem önnur lánastofnun samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Borgun hafi verið stofnuð árið 1980 og sé þannig eitt elsta starfandi fjármálafyrirtæki landsins. Þá kemur fram að félagið sé svokallaður aðalleyfishafi fyrir MasterCard og Visa auk þess sem það sé aðalumboðsaðili greiðslukortafélaganna UnionPay, JCB, Discover og American Express. Helstu þjónustuþættir félagsins lúti að færsluhirðingu á Íslandi og í Evrópu (það er þjónustu við söluaðila vöru og þjónustu um innheimtu vegna greiðslukorta), útgáfuþjónustu (það er þjónustu við útgefendur greiðslukorta), auk almennrar lána- og innheimtustarfsemi. Þá kemur fram að um það bil helmingur tekna félagsins komi af starfsemi utan Íslands. Starfsemin erlendis byggist á samstarfi við sjálfstæða endursöluaðila á þjónustu Borgunar innan Evrópu auk þess sem félagið eigi tæplega helming hlut í greiðslukortafélaginu B-Payment sem starfi sem umboðsaðili Borgunar í Ungverjalandi, Tékklandi og Slóvakíu. Stærsti einstaki markaður félagsins utan Íslands sé Bretland. Fram kemur að hjá félaginu starfi tæplega 160 manns í um 145 stöðugildum, allir á Íslandi.

Í bréfi stjórnarinnar segir að það sé mat hennar að núverandi launakjör forstjóra samræmist vel þeim kröfum sem gerðar séu til hans og séu mjög eðlileg miðað við laun forstjóra sambærilegra fyrirtækja á Íslandi. Stjórnin telji að það færi gegn hagsmunum fyrirtækisins að breyta launakjörum forstjóra verulega frá því sem nú sé. Auk fastra launa er í ráðningarsamningi fjallað um orlof, veikindarétt, ferðakostnað, tryggingar og greiðslur í lífeyrissjóð. Forstjóri skal hafa bifreið til afnota frá félaginu og skal rekstrarkostnaður hennar greiddur af því. Félagið greiðir allan kostnað við farsíma og heimasíma forstjóra, leggur honum til heimatölvu og greiðir allan kostnað við rekstur hennar. Gagnkvæmur uppsagnarfræstur er tólf mánuðir.

Forstjóri Borgunar hf. sendi kjararáði bréf dagsett 20. mars 2017. Í bréfinu kemur fram að forstjóra sé kunnugt um sjónarmið og upplýsingar sem stjórn Borgunar hf. hafi sett fram í bréfum sínum til kjararáðs og hann taki undir þau.

### III.

Borgun hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. sem á 63,5% hlut í félaginu. Í samþykktum fyrir Borgun hf. segir að tilgangur félagsins sé að annast rekstur greiðslumiðlunar og hafa með höndum útgáfu og umsýslu hvers kyns greiðslumiðla, einkum korta, í nafni og á ábyrgð einstakra fjármálafyrirtækja eða í eigin nafni og veita alla þjónustu sem tengist þessari starfsemi. Einnig að annast samningagerð, samskipti og þjónustu við verslunar- og þjónustufyrirtæki um viðtöku greiðslumiðla gegn greiðsluábyrgð, að fara með leyfi til greiðslukortaumsýslu samkvæmt leyfi réttihafa og að annast lántökur og lánveitingar vegna uppgjörs á úttektum korthafa erlendis í greiðslujöfnunarkerfi félagsins. Ennfremur að annast önnur erlend samskipti tengd starfseminni. Þá er það tilgangur félagsins að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum frá almenningi auk þess að sinna annarri starfsemi sem lánafyrirtækjum er heimil eftir því sem nánar verður ákveðið.

Stjórn félagsins ræður forstjóra sem hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Forstjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald ráðsins tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður ákveðið forstjóra Borgunar hf. laun. Með vísan til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er gerð grein fyrir er við ákvörðun launakjara forstjóra Borgunar hf. horft til launakjara forstöðumanna annarra fjármála- og lánastofnana sem undir kjararáð heyrja, svo sem bankastjóra Íslandsbanka hf.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Borgunar hf. skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Mánaðarlaun forstjóra Borgunar hf. skulu vera samkvæmt launaflokki 502-140, nú 1.094.455 krónur. Að auki skal greiða honum 75 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Borgunar hf. gilda reglur kjararáðs um starfskjör framkvæmdastjóra félaga sem eru að meirihluta í eigu ríkissjóðs og dótturfélaga þeirra frá 17. nóvember 2015.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber